

## Stjórnkerfis- og Lýðræðisráð

### Úrvinnsla ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar

Hjálagt er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra 75 ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar sem starfshópur um niðurstöður úttektarnefndar lagði til að brugðist yrði við. Ábendingarnar hafa kallað á mismikla vinnu eftir eðli þeirra og umfangi. Úr sumum hefur verið unnið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara en að öðrum hefur verið unnið annars staðar í miðlægri stjórnsýslu eða á fagsviðum. Sbr. töflu hér að neðan hefur 40 ábendingum af 75 verið lokað og 35 eru enn í vinnslu. Af þessum 35 eru margar samtengdar, einkum ábendingarnar í 4., 5. og 10. kafla en þar er að finna 24 af 40 ábendingum sem enn eru í vinnslu.

Tafla 1. Úrvinnsla ábendinga úttektarnefndar

	Kafla 3	Kafla 4	Kafla 5	Kafla 6	Kafla 7	Kafla 8	Kafla 10	Samtals
Í vinnslu	2	7	8	5	3	1	9	35
Lokað	9	9	0	2	18	1	1	40
<b>Ábendingar samt.</b>	11	16	8	7	21	2	10	75

Í kafla 3 um hlutverk kjörinna fulltrúa eru tvær ábendingar enn í vinnslu: 1. Greinargerð um ábyrgð og verkaskiptingu borgarstjórnar og borgarráðs (fyrstu drög liggja fyrir). 2. Samþykkt um skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (Starfshópurinn hefur verið óvirkur í fjarveru borgarritara - Verkaskiptingin SEA við önnur svið borgarinnar hefur einnig verið til skoðunar í hagræðingarvinnunni 2016).

Í kafla 4 um miðlæga stjórnsýslu og yfirstjórn fagsviða, innra/ytra eftirlit eru sjö ábendingar enn í vinnslu og eru margar þeirra samtengdar. Ábendingar sem eru enn í vinnslu varða fyrirkomulag gæðastjórnunar, árangursstýringar, áhættustýringar, innra eftirlits og hlutverk innri endurskoðunar og áðurnefnda greinargerð um ábyrgð og verkaskiptingu borgarstjórnar og borgarráðs.

Í kafla 5 um stjórnsýslustöðu B-hluta fyrirtækja eru átta ábendingar enn í vinnslu. Hér er um að ræða umfangsmikið verkefni. Ýmislegt kemur til álita varðandi stjórnsýslustöðu B-hluta fyrirtækja, þ.e. einkum eigendastefnur, rekstrarform, hlutverk kjörinna fulltrúa og umsýslu með B-hluta innan borgarkerfisins. Lögfræðingur kom í júní 2015 til starfa tímabundið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til að sinna undirbúningsvinnu og tillögugerð eins og við á. Verkefnið er umfangsmikið og fór í bið vegna anna og fæðingarorlofs starfsmanns. Stefnt er að því að skila minnisblaði um málið fyrir lok maí 2017. Áfram er unnið að eigendastefnu Félagsbústaða auk þess sem eigendastefnur Sorpu og Strætó eru í endurskoðun og beðið er með vinnslu eigendastefnu SHS þar til þeirri endurskoðun lýkur.

Í kafla 6 um vöru-, þjónustu- og verkkaup eru fimm ábendingar enn í vinnslu. Innkaupadeild hefur unnið aðgerðaáætlun sem ætlað er að mæta ábendingum bæði úttektarnefndar og innri endurskoðunar. Þá stendur enn yfir úrvinnsla ábendinga sem komu fram í úttekt innri endurskoðunar á meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja frá 26.4.2011, að hluta til eru það áþekkar ábendingar um B-hluta fyrirtæki og koma fram í 5. kafla í skýrslu

úttektarnefndar.

Í kafla 7 um skipulagsmál og fjárfestingar eru þrjár ábendingar enn í vinnslu á umhverfis- og skipulagssviði.

Í kafla 8 um styrkveitingar, kaup og sölu eigna og úthlutun efnislegra verðmæta hjá Reykjavíkurborg er einábending enn í vinnslu. Starfshópur um stöðu og verkefni skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og verkaskiptingu og samstarf við önnur svið borgarinnar tók til starfa 15. júní 2015 en hefur verið óvirkur í fjarveru borgarritara.

Í kafla 10 um siðferði og starfshætti hjá Reykjavíkurborg eru níu ábendingar enn í vinnslu. Starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar og mannauðsdeild var falin ábyrgð á framfylgd siðareglna borgarinnar, mótun verklagsreglna um framkvæmd þeirra, fræðslu og innleiðingu siðareglna á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Auk þess fékk mannauðsdeild það verkefni að útfæra verklag og vettvang innan borgarinnar til að fjalla um meint brot á siðareglum. Sökum mannbreytinga og forgangsröðunar verkefna er þessi vinna skammt á veg komin. Mannauðsdeild vinnur nú að leiðbeiningum um innleiðingu siðareglna fyrir fagsvið og starfsstaði Reykjavíkurborgar sem og að gera þær aðgengilegri á innri vef Reykjavíkurborgar. Mannauðsstjórum sviða verður falið að innleiða siðareglur á starfsstaði sviðsins. Fyrirhugað er að setja á stofn stjórnenda- og stjórnsluskóla og verða fræðslu um siðareglurnar og hvernig unnið sé með þær hluti af stjórnendaskólanum. Þær breytingar hafa nú verið gerðir á trúnaðaryfirlýsingu sem starfsmenn undirrita við ráðningu að þeir hafi kynnt sér siðareglur Reykjavíkurborgar.

Svavar Jósefsson  
verkefnastjóri stjórnslu- og gæðamála

Hjálagt:

Yfirlit yfir úrvinnslu ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar dags. 18. janúar 2017.